

Sjáumst betur í vetur.

Samkeppni um slagorð eða setningu á endurskinsmerki

Foreldrafélag Álfhólsskóla í samstarfi við skólann hefur ákveðið að efna til samkeppni um setningu á endurskinsborða.

Keppnin er tvískipt; yngra stig (1. – 4. Bekkur) og eldra stig (5. – 10. bekkur) og má hver nemandi senda inn að hámarki 3 tillögur.

Nemendur í 1. – 4. bekk geta aðeins sent inn tillögur fyrir yngra stigið og nemendur í 5. – 10. Bekk geta aðeins sent inn tillögur fyrir eldra stigið

- Hver setning/slagorð má ekki vera lengri en 35 stafabil.
- Tillagan þarf að vera grípandi og á vandaðri íslensku
- Gott er að senda rökstuðning eða skýringu inn með tillögunni.

Tillögum þarf að skila til ritara skólans á sérstöku eyðublaði keppinnar merktu dulnefni og rétt nafn og bekkur fylgir með.

Dómnefnd skipa:

Kristín Andrea Einarsdóttir frá foreldrafélaginu

..... frá nemendaráði .

..... frá yngra stigi (Digranesi)

..... frá eldra stigi (Hjalla)

..... íslenskukennari

Ef fleiri en einn nemandi koma með vinningstillöguna verður dregið um sigurvegara. Verðlaun fyrir bestu tillöguna á hvoru stigi eru 15.000 kr.

Tillögum skal skila inn í síðasta lagi 12. mars og verða úrslit kynnt þann 19. mars

Allir nemendur skólans munu fá endurskinsmerki með vinningstillögunum, að gjöf næsta haust. Er það von okkar að það verði til að auka öryggi barna í Álfhólsskóla og þau sjáist öll betur næsta vetur á ferð sinni í og úr skóla.

Kópavogi, 15. febrúar 2016

Stjórn foreldrafélags Álfhólsskóla